


SÆRAF EHF



Tölvuverslun
Tölvuviðgerðir
Rafeindþjónusta
Siglingatækjþjónusta

Opið alla virka daga kl. 10-17

Silfurgötu 5 Ísafirði • Sími: 450 6000 - 861 7360 - 891 8260 - sraf.is



Skapar listaverk á mannshúð Ólafía Kristjánsdóttir

„Ég er að teikna og skapa eitthvað sem fólk treystir mér til þess að setja á líkama sinn til æviloka. Það er ansi mikið traust sem mér er sýnt með því. Að mínu mati er þetta mjög skemmtilegt listform en vitaskuld krefjandi,“ segir ísfirski húðflúrarinn og myndlistamaðurinn Ólafía Kristjánsdóttir í opnuviðtali Bæjarins besta í dag. Þar segir hún m.a. frá því að upphaflega ætlaði hún sér að verða tannlæknir en valdi tattúin fram yfir þann frama.

– sjá bls. 4 – 5.



Óháð fréttablað á Vestfjörðum BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Fimmtudagur 11. febrúar 2016 · 6. tbl. · 33. árg. · Ókeypis eintak



Maskadagur



HAMRABORG

Hamraborg ehf • Hafnastræti 7
Sími 456 3166



HAMRABORG
SAMLOKA

Geymist við 0-4°C

með hangikjöti og salati



HAMRABORG
SAMLOKA

Geymist við 0-4°C

með roastbeef



HAMRABORG
SAMLOKA

Geymist við 0-4°C

með kjúklingasalati



HAMRABORG
SAMLOKA

Geymist við 0-4°C

með rækjum og eggjum

*alltaf
nýsmurt*



Útgefandi: Athafnagledi ehf., kt. 690715-0740
Afgreiðsla og ritstjórn: Silfurgötu 1, Ísafirði, sími 456 4560
Ritstjóri BB og bb.is: Bryndís Sigurðardóttir, 896 9838, bb@bb.is
Abyrgðarmaður: Bryndís Sigurðardóttir.
Blaðamaður: Smári Karlsson, 866-7604, smari@bb.is
Auglýsingar: Sími 456 4560, auglysingar@bb.is
Prentvinnsla: Litróf ehf.
Upplag: 2.200 eintök
Dreifing: Íslandsþóstur. Dreift án endurgjalds inn á öll heimili á norðanverðum Vestfjörðum
Stafræn útgáfa: www.bb.is / facebook.com/pages/bbis
Önnur útgáfa: Á ferð um Vestfirði
 ISSN 1670-021X

Tekið er á móti auglýsingum á pósthöfundum bb@bb.is. Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 17 á mánudögum fyrir útgáfudag sem er almennt á fimmtudögum.

Spurning vikunnar

Ferðu á þorablót þetta árið?

Alls svöruðu 382.

Já, sögðu 211 eða 55%

Nei, sögðu 171 eða 45%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Stútungur 2016

Myndir: Páll Öundurson.



Finnogi Hermannsson

– Sjónarmið –

Að útvista sjálfu lífinu

Það viðraði ekki vel til loftárása í síðustu viku þegar vér settumst niður til að skrifa hugleiðingu í blaðið Bæjarins besta. Það er ekki gáfulegt heiti á blaði, sérstaklega þar sem ekkert annað blað er beinlínis gefið út í byggðarlaginu. Það var heldur ekki veður til að yrkja. Húsið eins og kölluð gröf því ekkert sást út um gluggana. Kötturinn hélt sig inni og svaf stórum. Þegar sýnt var hvaða veður var í aðsýgi tók konan til við að baka skonsur. Það er hennar viðbragð við óveðri að baka skonsur. Ég mátti fara í Bónus og Samkaup til að sækja sykurlaus og brauð sitt af hvoru tagi. Fór snemma fimmtudags til að vera viss. Með aldrinum verður maður alltaf að vera viss. Lífið krefst þess að vera í skorðum. Alla vega ekki að fara út fyrir meðalhegðun. Þess vegna var gamalmennabíll keyptur þegar átta gata tryllitækið ameríska var selt. Subaru Forrester, dæmigerður gamlingjabíll, sem alltaf fer í gang. Eins og kassi í laginu og hefur enga straumlínu. Lífið verður víst ekki eins straumlínulagað með aldrinum. Konan hélt áfram að baka skonsur eftir að ég kom heim og hafði líka bak- að hjónabandssælur. Skyldu

hjúabandssælur vita á sturlað veður? Orðalag sem ég sá á einhverjum vefnum og hafði ekki séð fyrr. Baksturinn heppnaðist með eindæmum vel, allt hefaði sig og sultutauíð samlagaðist vel deiginu því sultutauíð var bláberjasultutau innan úr Hestfirði. Þar eru bláber hvað bragðbest í veröldinni og vaxa á bökkum heilnæmra lækja eins og í paradís. Ég þyki duga til að lesa bláber af lyngi, konan er einkum í aðalbláberjunum. Og allt er þetta tínt með fingrunum og ekkert ber má fara til spillis eða aflagast áður en það verður að sultutau í huggunarríki hjónabandssælu. Fleira þarf að aðgæta áður en hann skellur á. Öskutunnurnar eru mín deild á heimilinu. Þær eru tvær, úr plasti náttúrlega, og nauðsynlegt að súrra þær saman með kaðli og binda við grindverkið. Þær eru reyndar hálar sem áll og hafa tilhneigingu til að smokra sér úr fjötrinum. Það gerðist í marsveðrinu í vor og stóðu tunnurnar 90 gráður út frá húsinu en fuku þó ekki á haf út eins og barnaskólinn fyrrum. Bílar fuku úr stað hér á Bakka-veginum í þessu veðri og fólk skúrtaðist eftir götunni á fjórum fótum við að bjarga bílum sínum. Það veður hefði flokkast undir stórbíllarsteyting hjá Steinólfi bónda í Fagradal á Skarðsströnd.

Hann spurði mig, hvort ég kann aðist ekki við þetta veðurheiti við Ísafjarðardjúp. Ég kannaðist ekki við það, en hann fullyrtaði að stórbíllarsteytingur hefði verið gild lýsing á veðri við Djúp. Ekki varð sagt að brostið hefði á stórbíllarsteytingur í síðustu viku eða orðið sturlað veður. Hann var norðlægur og nokkuð stöðugur vindur og öskutunnurnar smugu ekki úr fjötrinum. Svo var eins gott að drepa þær úr dróma áður en öskukarlararnir kæmu því þær eiga það til að bregða hnífi á böndin og þá er voðinn vís og ég kemst í ónáð hjá öskukörlunum. Í þessum skrifuðum orðum birtist moksturstræki frá Vélaherdeild Ísafjarðarbæjar. Heldur lítið tæki sem virðist notað til að stinga í gegn. Síðan koma stærri tæki sem moka út í hörgul eins og gerðist í gær. Ungur drengur var á tækinu og skeindi allar götur og stéttir. Til að ávinna mér álit mokstursmanna hef ég haft það að sið að færa bílaflokkann á heimilinu frá húsinu svo þær geti mokað slétt með. Sem þær gera svikalaust. Bílaflokkinn er auk þessa Subaru gamalmennabíls einn aldraður Mercedes Benz. Hann er ekki sterkur á svellinu og verður að stíga undralaust á bensínjöfina svo hann fari ekki að spóla. Við skiljum orðið hvor annan eins og maðurinn og

hesturinn hjá Einari Ben. Maður og hestur þeir eru eitt fyrir utan hinn skammsýna markaða baug og svo frv. Við vorum fyrir sunnan um jólin. Þar voru snjóalög mikil og mokstursbílar brunandi á stofnbrautum. Verra með húsa-götturnar og varð mér hugsað vestur á Ísafjörð. Svo virðist sem verktakar hafi verið keyptir til að ruðja húsa-götur svo ég noti ektu vestfirsku. Voru þar flestir sótraftar á sjó dregnir, hvers kyns ambögulegar hjólatíkur og allt upp í veghefla sem þær gátu farið að selja út. Sá ég stóran veghefil berjast við frerann uppi á Bjarnarstíg og annan engu minni með ripper niðri á Veghúsastíg. Þetta eru örstíggar í Reykjavík. Þarna voru heflarnir að skakast fram og aftur með litlum árangri öðrum en að trufla alla umferð. Þetta fyrirkomulag heitir að útvista. Sem er töfraorð í munnri frjálshyggjumanna og vilja sumir útvista sjálfu lífinu. Man þá tíð þegar einum bæjarstjóra hér á Ísafirði fannst það fangaráð að leggja niður Áhaldahúsið og útvista öllu klabbinu. Þar unnu þá fræknustu mokstursmenn í veröldinni og vinna enn ásamt bunustokksmönnum sem voru og eru á við hvert annað slökkvilið þegar kallið kemur og allt stíflað. Þeir í Bolungarvík hafa

horfið til þessa ráðs að útvista og lagt niður Áhaldahúsið sem ekki er lengur baggi á bæjarfélaginu. Er þeir því komnir þessu lengra á þróunarbrautinni en Ísfirðingar. Líklega hefur tregðulögmálið komið í veg fyrir að Áhaldahúsinu á Ísafirði var aldrei útvistað ellegar að aldrei gafst svigrúm til að útvista því fyrir snjómokstri og klóak-lekum sem ekki fara í manngrænarálit. Enn sér ekki út úr augum í Hnífsdal og kötturinn Egill Indriði Möller kveinkar sér við að fara út. Verður líklega að láta sér salernið duga eins og hann gerði á meðan hann bjó suður í Reykjavík. Komst meira að segja í barnatímamann í Sjónvarpinu við þá iðju sína. Landsfrægur köttur. Skonsur voru hafðar með morgunkaffinu, þunnar og lystugar og dropið á þær smjeri, þó ekki með þumlinum eins og gömlu konurnar gerðu sumar. Kunnir vindar gnaða enn við dyr og beðið vors og sumars sem aldrei fyr. (Hér á fyr að vera með einu erri til að það rími við dyr, þetta er stolið hnoð frá Jóni Helgasyni)

Á þorranum 2016
Finnogi Hermannsson

Getur þú bjargað mannslífi með símanum þínum?



Þjónustufulltrúi í umferðarþjónustu Ísafirði

Starf þjónustufulltrúa í umferðarþjónustu er laust til umsóknar. Um 100% starf er að ræða.

Yfir vetrartímann er unnið á vöktum sem spanna tímann frá 6:30 til 22:00. Yfir sumartímann er unnin hefðbundin dagvinna.

Starfssvið

- Miðlun upplýsinga til vegfarenda um færð og veður
- Símsvörun á skiptiborði
- Ýmis úrvinnsla gagna

Menntunar- og hæfniskröfur

- Stúdentspróf eða sambærileg menntun
- Góð íslenskukunnátta
- Góð enskukunnátta og gjarnan eitt Norðurlandamál
- Góð tölvukunnátta
- Góð þekking á landafræði
- Frumkvæði og hæfni til að vinna sjálfstætt
- Góðir samstarfhæfileikar og þjónustulund

Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður sem hentar báðum kynjum og í samræmi við jafnréttisáætlun Vegagerðarinnar eru konur með umbeðnar hæfniskröfur sérstaklega hvattar til að sækja um starfið

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi ríkisins við SFR. Umsóknarfrestur er til 22. febrúar 2016.

Umsóknin berist mannauðsstjóra Vegagerðarinnar netfang oth@vegagerdin.is. Í umsókninni komi fram persónulegar upplýsingar ásamt starfsferilskrá og upplýsingum um þá menntun og hæfni sem óskað er eftir.

Æskilegt er að starfsmaður geti hafið störf sem fyrst.


Nánari upplýsingar um starfið veitir Kristinn Þróstur Jónsson í síma 5221619.

Öllum umsóknum um starfið verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Rauði krossinn hefur látið gera skyndihjálpar - app sem fólk getur hlaðið niður í símana sína eða spjaldtölvu. Appið er ókeypis og virkar eins og bók í skyndihjálpar sem inniheldur leiðbeiningar um hvernig fólk getur brugðist við ef slys eða veikindi ber að höndum. Í appinu getur fólk skoðað myndbönd og flett upp í leiðbeiningum sem leiða fólk áfram. Mikilvægt er að fólk skoði appið rifji upp kunnáttu sína og fletti upp í leiðbeiningunum svo auðveldara verði að leita að ráðum við réttum viðbrögðum á meðan beðið er eftir sérhæfðri aðstoð.

Skyndihjálpar-appið hefur fengið frábærar viðtökur um allt land síðan það fór í loftið fyrir rúmlega tveimur árum. Hafa nú ríflega 31.000 manns sótt forritið sem þegar hefur sannað gildi sitt því dæmi eru um að það hafi hjálpað fólki að bregðast rétt við neyð.

Rauði krossinn hvetur alla landsmenn sem eiga snjallsíma eða spjaldtölvu til að nýta sér þessa tækni til að auka þekkingu sína og færni í skyndihjálpar.



Getur þú bjargað mannslífi með símanum þínum?
www.raudikrossinn.is

Hægt er að nálgast appið á vefsíðu Rauða krossins. Þó tækni sé góð kemur appið þó ekki alfarið í stað námskeiða. Deildir Rauða krossins víða um land bjóða uppá fjölbreytt námskeið í skyndihjálpar og er fólk bent á að hafa samband við Rauða krossinn í sinni heimabyggð eða kynna sér hvaða námskeið eru í boði á heimasíðu félagsins.

Gauti Geirsson ráðinn sem aðstoðarmaður utanríkisráðherra



Gauti Geirsson hefur verið ráðinn sem aðstoðarmaður utanríkisráðherra, Gunnars Braga Sveinssonar í hálftrú starf. Gauti hóf störf 8. febrúar. Gauti er 22 ára og leggur stund á rekstrarverkfræði í Háskólanum í Reykjavík. Hann hefur starfað sem háseti og vélstjóri á togara og farþegaskipum.

Ólafía Kristjánsdóttir

Húðflúr krefjandi en skemmtilegt listform

Ólafía Kristjánsdóttir hefur allt frá blautu barnsbeini haft ástríðu fyrir myndlist. Það kom sér svo sannarlega vel við val á starfi þar sem hún hefur undanfarin ár starfað sem húðflúrari á tattústofu í Reykjavík. Þar gerir hún stór og smá listaverk á mannhúð en einnig málur hún á striga í frístundum sínum. Hún hefur nú þegar haldið tvær myndlistasýningar og hefur hug á að halda fleiri.

En hvernig kom það til að ung stelpa frá Ísafirði skildi velja sér starf í heimi tattúa sem áður fyrr sáust aðeins á fáeinum Íslendingum, og þá helst sjómönnum og ferðalöngum, en er nú orðið vinsælt hjá öllum þjóðfélags-hópum. Blaðamaður Bæjarins besta settist niður með Ólafíu yfir kaffibolla er hún var í heimsókn á æskuslóðunum á dögunum og forvitnaðist um starfið, listina og flúrinn. Þar kom í ljós að upphaflega ætlaði hún sér að verða tannlæknir en valdi tattúinn fram yfir þann frama.

Varla er hægt að byrja vestfirskt viðtal án þess að spyrja hverra manna viðmælandinn er en Ólafía er dóttir Ragnheiðar Baldursdóttur og Kristjáns Bjarna Sigmundssonar og varði meiripart æsku sinnar á Ísafirði.

„Mamma er ættuð úr Vatnsfirði og pabbi frá Látrum í Ísafjarðardjúpi. Ég fæddist í Bolungarvík en fjölskyldan flutti skömmu síðar til Súðavíkur. Þaðan lá svo leiðin yfir á Ísafjörð þar sem ég hóf og kláraði alla mína skólagöngu. Ég fór sem

sagt í Menntaskólann á Ísafirði eftir að ég hafði klárað grunnskólanámið.

Að loknu framhaldsskólanámi og eftir að hafa unnið í ár hjá Íslandsþósti á Ísafirði ákvað Ólafía að fara í frekara nám í höfuðborginni.

„Ég fór í Háskóla Íslands og reyndi við tannlæknánám. Planið hafði í mörg ár verið að verða tannlæknir. En á miðri leið áttaði ég mig á því að það væri ekki fyrir mig. Ég tók reyndar klásus-prófin en þegar ég varð ekki meðal sex hæstu og komst því ekki áfram í úrtökunni fannst mér það allt í lagi. Ég var ekki viss með þetta lengur.“

Strax á þessum tíma togaði myndlistin hana áfram.

„Mér fannst alveg ömurlegt að hafa ekki tíma til að mála er ég var í náminu. Ég hafði bara ekki frítíma til þess þar sem lærdómurinn tók svo mikinn tíma. Ég fann því að tannlæknánámið var ekki það sem ég vildi gera heldur lægi mín ástríða í myndlistinni.

Ég hef allt frá því ég man eftir mér verið að teikna og mála. Það var alltaf fjarlægur draumur að geta unnið við eitthvað sem tengdist myndlist er ég yrði stór en mér fannst sem ég yrði að fara í háskóla og velja mér eitthvað hagkvæmara fag.“

Eftir að hafa verið dálítið ráðvillt um tíma í leit sinni að framtíðarstarfi ákvað Ólafía að sameina tvö áhugamál, myndlist og húðflúr, og sækja um á húðflúrstofu.

„Það tók mig rosalega langan tíma að þora að taka þetta skref og sækja um. Ég hafði lengi haft áhuga á húðflúrum. Það kitlaði mig því snemma sú hugmynd að geta unnið við að flúra en það tók mig nokkur ár að herða mig upp í að láta reyna á það. Fyrst prófaði ég næringarfræði í Háskólanum og sitthvað fleira. Loks ákvað ég að kýla á það eftir að bróðir minn, Baldur, hvatti mig til þess. Hann benti mér á að það sakaði ekkert að spyrja. Ég lét slag standa og fékk vinnu á tattústofu, sem var draumur sem rættist. Það var árið 2011.“

–Hvernig voru viðbrögð fjölskyldunnar?

„Ég var nú mjög stressuð að segja þeim frá þessu framtíðarstarfi mínu en þau tóku því mun betur en ég þorði að vona. Sögðu að ég ætti bara að velja mína leið sjálf og gera það sem gerði mig ánægða. Mamma er reyndar þannig að ég held að hún hafi vitað þetta áður en ég vissi það. Hún hefur margoft verið mörgum skrefum á undan mér með svona. Fjölskyldan hefur alltaf stutt mjög vel við bakið á mér.“

Að flúra líkt því að taka próf

Ólafía segir starfið vera mjög fjölbreytt. Sama daginn er hún kannski að vinna að nokkrum litlum flúrum yfir í eitt stórt verk og myndirnar eru jafn misjafnar og viðskiptavinirnir.

„Í einni viku er ég kannski að vinna mörg litil flúr, millistórum og allt þar á milli. Oft kemur fólk með tilbúin flúr en það eru

þá aðallega lítil sem fólk hefur fundið sjálf, til dæmis á netinu. Ég geri auðvitað bara það sem kunninn óskar eftir. En ef þetta eru stór verk þá teikna ég þau sjálf í samráði við þann sem fær það. Þau eru með ákveðna hugmynd af því hvað þau vilja. Svo fæ ég þau til mín í viðtalstíma þar sem ég fer yfir mína nálgun og fæ að heyra þeirra álit. Nú er ég búin að mynda mér nafn í þessum geira og því vita flestir að hverju þeir ganga er þeir óska eftir tattú frá mér. Flestir eru búnir að kynna sér verk mín áður en þeir leita til mín. Svo er mikilvægt að traust og samvinna myndist okkar á milli en til þessu eru einmitt viðtalstímarnir. Eins er ég komin með kunnalista og er að fá oft sama fólk til mín aftur og aftur. Sem er auðvitað alveg frábært.“

Þá eru tiskustraumar í flúrum eins og öðru.

„Þegar ég byrjaði að vinna við þetta var til dæmis mjög vinsælt að fá sér litla svarta fugla eða fjaðrir. Það koma lítil tiskutattú í bylgjum sem er bara mjög sætt og ekkert að því. Svo hafa „tribal“ munstur verið vinsæl og ýmis afbrigði af því eins og til dæmis frá Pólónesíu. Í dag eru blúndumynstur og mandala-form mjög vinsæl. Mér finnst sjálfri mjög skemmtilegt að vinna þannig flúr en það er mjög fíngerð vinna. Sumir flúrarar vilja helst ekki vinna slík verk þar sem þau fela í sér svo mikla línuvinnu en mér finnst það skemmtileg áskorun.“

Ólafía segir húðflúrinn vera afar krefjandi starf eins og gefur

að skilja.

„Að flúra líkist svolítið því að taka próf. Maður þarf að halda einbeitingunni allan tímann og hafa athyglina 100%. Því er maður oft ansi þreyttur eftir daginn.

En ég dýrka að vinna við þetta. Ég er að teikna og skapa eitthvað sem fólk treystir mér til þess að setja á líkama sinn til æviloka. Það er ansi mikið traust sem mér er sýnt með því. Að mínu mati er þetta mjög skemmtilegt listform en vitaskuld krefjandi.

Fyrsta árið og rúmlega það eftir að ég byrjaði á stofunni var ég látin teikna og æfa mig áður en ég fékk að koma nærri vél. Enda er það algerlega nauðsynlegt að fá góða þjálfun áður en maður byrjar að vinna. Til dæmis æfði ég mig á svínshúð áður en ég fékk að snerta mannhúð. Maður verður að finna listamann sem er tilbúinn að kenna manni og sá þarf að vera góður því annars lærir maður nú ekki mikið. Ég var svo heppin að mikið var um gestalistamenn á stofunni og því fékk ég tækifæri til að læra af mörgum, en ekki bara einum.“

Vestfirski orkan örvar sköpunargáfuna

Þrátt fyrir að fá mikla ánægju úr starfinu finnst Ólafíu miður að ekki gefst mikill tími til að framkalla listaverk á striga.

„Ég hef ekki málað í langan tíma því oft er ég þreytt eftir annasaman dag og á þá oft eftir að teikna og hanna flúr fyrir yfirvofandi verkefni. Því hefur máluinn fengið að sitja svolítið á hakanum.“

Ólafía opnaði sína fyrstu myndlistarsýningu á Ísafirði árið 2009. Hún hélt svo einnig aðra sýningu í heimabæ sínum tveimur árum seinna. Hún segir vel koma til greina að halda fleiri sýningar í náninni framtíð.

„Mig myndi langa mjög mikið til að halda sýningu á verkum mínum en það verður að koma í ljós hvað verður. Ég er búin að taka mér pásu frá húðflúruninni og ætla einbeita mér að því að mála um tíma. Ég hef saknað þess svo mikið. Mest hef ég málað með akrýl-litum á striga eða tré en nú á seinni árum hef ég verið að leika mér mikið með að mála með vatnslitum. Það er mjög skemmtilegt og góð æfing fyrir húðflúrunina þar sem notuð er svipuð tækni við hvort tveggja. Maður þarf að vanda sig mikið við línurnar og það er því góð æfing fyrir flúrunina.

Ég hef mikið verið að mála mannsmyndir í gegnum tíðina. Sérstaklega er ég mála á striga en þegar ég mála með vatnslitum er ég meira að mála eitthvað sem er í hausnum á mér. Mig langar svolítið að sameina þetta tvennt.“

Innt eftir því hver mesti munurinn sé við að mála á striga og teikna á mannhúð segir Ólafía að það sé tvennt ólíkt og eiginlega ekki hægt að bera það saman. Bæði veiti henni útrás við sköpunarþörf en nú vilji hún einbeita sér um tíma að myndlistinni.

„Ég er búin að vinna mjög stíft í fjögur ár og fannst vera kominn tími á pásu. Ég ætla því að aðeins að kúpla mig út úr flúrunum og endurhlaða batterín. Ég held að það sé nauðsynlegt þegar maður vinnur við að skapa, annars er hættu á að maður brenni út. Mig langar líka að byrja að mála aftur

en ég hef haft svo litla orku til þess undanfarin ár og er verulega farin að sakna þess. Það getur verið frekar stressandi að flúra, maður verður að vera á tánum allan tímann og vakandi fyrir velferð viðskiptavinarins, hvort hann andi eðlilega, hvort hann þurfi að hreyfa sig snögglega og þannig fram eftir götunum. Og á sama tíma þarf maður að einbeita sér að því að vinna nákvæmnisverk. Þetta getur verið mjög lýjandi eftir langan tíma en þegar ég mála get ég algerlega gleymt mér í sköpuninni og í raun stað og stund. Enn er óráðið hversu langa hvíld ég ætla taka mér en allavega í mánuð eða tvo. Svo sé ég bara til hvað verður. Mig langar líka að geta verið meira fyrir vestan. Fjölskylda mín er líka öll hér og þegar ég er að vinna svona mikið eins og undanfarið finnst mér ég vera að missa af svo miklu að geta ekki hitt þau oft. Ég tek sérstaklega eftir því hvað ég mála meira er ég kem vestur. Það hlýtur að vera eitthvað við orkuna hérna.

Stefnan er að halda sýningu er ég er komin með nógu mörg verk. Hvort sem það verður á Ísafirði, í Reykjavík eða ef til vill á báðum stöðum. Það kemur allt í ljós. Ég er svolítið bara að berast með straumnum og sjá hvað framtíðin ber í skauti sér.“

Flúrin hafa sérstaka þýðingu

Aðspurð segir Ólafía að margir flóttir kvenlistamenn séu í bransanum og það sé að aukast að kvenmenn velji sér þetta starf.





„Þegar ég byrjaði var Málfríður Sigrúnardóttir sem einnig er héðan að vestan að vinna við þetta en mörgum þótti spennandi að koma til manns bara af því maður var kvenkyns. Ábyggilega

verið einhver forvitni að baki en nú þykir það ekkert tiltökumál.

Sjálfr skartar hún húðflúrum um allan líkamann og segist ekki lengur hafa tölu á því hve mörgum sinnum hún hafi sest í stólinn. Öll hafa þau sérstaka þýðingu fyrir hana en vænst þykir henni um fyrsta flúrið.

„Ég fékk mér einmitt týpískt tattú sem var í tísku á þeim tíma en það er texta-tattú. Ég lét flúra á mig ljóð sem ég samdi um litla bróður minn. Þó það kannski flokkist undir tiskutattú þá finnst mér það í raun vera klassískt að láta flúra á sig texta sem hefur einhverja sérstaka þýðingu fyrir viðkomandi. Mér þykir allavega einna vænst um þetta tattú af öllum þeim flúrum sem ég hef fengið mér. Alveg eins og rósina sem ég hef á handarbakinu en bróðir minn er einmitt með samskonar tattú á sama stað. Það er einmitt alltaf um að fólk sé að fá sér alveg eins flúr, til dæmis mæðgur eða kærustupar. Já og svo hef ég nú tekið þátt í að gifta nokkur þör með því að tattúa giftingarhringi á þau,“ segir Ólafía og hlær. „Það er alltaf mjög skemmtilegt.“

Ég var um tvítugt er ég fékk mér fyrst tattú og ég hefði alls ekki viljað vera yngri. Áður fyrr var það þannig að fólk gat fengið sér tattú með samþykki foreldra áður en það varð 18 ára. En flestar stofur taka alveg fyrir það núorðið. Ég er í það minnsta mjög fegin að ég var orðin þetta gömul þegar ég fékk mitt fyrsta flúr. Mig langaði að fá mér tattú þegar ég var 14–15 ára og pabbi sagði nei. Sem betur fer því ég held að ég hafi ekki verið komin með þroska á þeim aldri til að taka þá ákvörðun. Ég hef oft þakkað honum fyrir að hafa sett mér stólinn fyrir dyrnar því



annars væri ég án efa með tattú sem mér fundist ekki flott í dag. Eitthvað sem mér hefði fundist rosalega flott á þeim aldri. En vitaskuld er fólk mismunandi með það líka og sumir sjá ekki eftir neinu.“

Flúrin grípa óneitanlega augað og því fær Ólafía töluverða athygli út á þau, finnst henni það aldrei óþægilegt?

„Ég er orðin svo vön því og finnst ekkert að því. En ég á, eins og flestir aðrir, daga þar sem ég er frekar andfélagsleg og þá er

það svolítið óþægilegt að fá þessa athygli. Margir hafa líka þörf fyrir að koma með athugasemdir. Sumir eru jákvæðir og segja mér hvað þeim finnst þetta flott en aðrir hafa þörf fyrir að segja mér hvað þeim finnst þetta alls ekki fallett. Það getur verið frekar erfitt þá daga sem maður er lítill í sér og sér í lagi þegar ókunnugir eiga í hlut. Ég skil vel að fólk hafi misjafnan smekk. Ekki þarf öllum að finnast það sama fallett.“

Thelma E. Hjaltadóttir



ÍSAFJARÐARBÆR

Laus störf hjá Ísafjarðarbæ

Umhverfis- og eignasvið auglýsir laust til umsóknar starf skipulags- og byggingarfulltrúa hjá sveitarfélaginu. Um er að ræða 100% starfshlutfall og næsti yfirmaður er sviðsstjóri.

Fjölskyldusvið Ísafjarðarbæjar auglýsir eftir stuðningsfulltrúum í sólarhringsþjónustu í búsetu fyrir fólk með fötlun. Um er að ræða vaktavinnu. Góð framtíðarstörf í boði.

Við hvetjum bæði konur og karla til að sækja um störfin

Nánari upplýsingar á www.isafjordur.is

Lausn á síðustu krossgátu

		ÚTSKOT	DÁ	SNERILL	UPP- HRÖPUN	MEINDÝR	FLUGFAR
SKJÓL	A	T	H	V	A	R	F
HÚS- FRÉYJA	F	R	Ú	GAP VESKI	H	O	L
HÁTÍÐA- SÖNGUR	K	A	N	T	A	T	A
FRAM- KVÆMA STRENGUR	I	N	N	A	Í RÖÐ Á ENDANUM	T	U
SKILABOD TVEIR EINS	S	M	S	HJARTA- AFALL SKÚTA	S	L	A
BÆKLING- UR	H	E	F	T	I	S	K
GLUFA	R	I	F	A	SKJÖN MERGD	S	K
STRÍÐNI	A	T	G	Ó	L	A	S
BROTT	F	R	Á	T	Á	G	A
PLATA	N	A	R	R	A	A	F
	A	EKKERT ALGENGUR	N	Ú	L	L	M
MÁLHELDI	S	T	A	M	SKÁL EINING	Í	L
GRISKUR BÓK- STAFUR	P	Í	A	S	M	I	A
SÆLINDÝR	A	Ð	A	T	A	P	A
INN- HEIMTA	R	U	K	K	A	R	Ó
FÍKMIENI	K	R	A	K	K	S	P

Sudoku prautir

5				4	8	2		6
8	7	2	1	3	6			
1	6	4						
9			2			4	6	1
6	4			1		7	2	5
7			6	5	4			3
3			4	6		1	8	
2		5						
		6		2	3			

	8			5				
3							6	4
	7							
1	5	8		7				
	4	3	8	9		5	7	
		6				1	2	
				3		8		
		4			6			
3			2					1



barnamenningar. Yfir helgina 18.–20. mars verður afrakstur smiðjuvinnu sýndur ásamt því að hafa opnar sýningar sem hafa verið í boði yfir vikuna.

Hátíðin mun krefjast samstarfs á milli stofnana og félaga í sveitarfélaginu og nærliggjandi sveitarfélaga. Vonast er svo til að annað sveitarfélag á Vestfjörðum muni taka við keflinu og halda Barnamenningarhátíð Vestfjarða að ári liðnu og svo koll af kolli þar til þessi hátíð verður að árlegri hefð.

Hátíðin er kjörð tækifæri fyrir listamenn og áhugafólk

Barnamenningarhátíð

Barnamenningarhátíð Vestfjarða verður haldin í sveitarfélaginu Strandabyggð dagana 14.–20. mars 2016 í samvinnu við nærliggjandi sveitarfélög.

Markmið hátíðarinnar er að efla menningarstarf barna og unglunga á Vestfjörðum og eins að gefa einstaklingum á sviði lista og menninga tækifæri til að koma fram og gefa af sér.

Þann 16. maí 2015 var haldið listamannaþing á Ísafirði og var niðurstaða þingsins að vilji væri til að halda Barnamenningarhátíð á Vestfjörðum. Félag vestfirskra listamanna hvatti Strandabyggð og nærliggjandi sveitarfélög til að halda slíka hátíð í fyrsta sinn og tók Strandabyggð málið að sér.

Til stendur að halda uppi smiðjum að degi til 14.–18. mars þar sem börnum og unglingum gefst kostur á að fá leiðsögn við að skapa og uppgötva. Verður

lögð áhersla á að bjóða upp á fjölbreyttar smiðjur sem höfða til allra aldurshópa þátttakenda á sviði lista og menninga. Leitað verður eftir því að fá smiðjustjóra úr sveitarfélaginu og frá nærliggjandi sveitarfélögum til að styðja við lista- og menningarstarf á svæðinu. Á kvöldin 14.–18. mars verða í boði sýningar fyrir alla aldurshópa sem spegla sögu

að leiðbeina og kenna börnum og unglingum eftir sinni sérþekkingu. Einnig býður hún upp á möguleika fyrir sýningar að ýmsu tagi. Ef áhugi er fyrir hendi að taka þátt þá endilega hafið samband við Írisi Ósk tóms-
stundafulltrúa Strandabyggðar á netfangið tomstundafulltrui@strandabyggd.is eða í síma 846-0281.



Þjónustuauglýsingar

PRENTUM
ALLT MILLI
HIMINS

↑
OG
↓

JARÐAR

Silfurgötu 1
400 Ísafirði
Sími: 456 4560
Netf.: honnun@bb.is

Fréttir og
upplýsingar um
réttindi og kjör
á vinnumarkaði
www.verkvest.is

ENDURSKOÐUN
VESTFJARÐA ehf

Sími í Bolungarvík 450 7900
Sími á Ísafirði 450-7910

Aðalstræti 19, 415 Bolungarvík • Hafnarstræti 9, 400 Ísafjörður

HRADFRYSTIHÚSÍÐ-GUNNVÖR HF.
- sjálfbær nipting sjávarauðlinda



Orkubú Vestfjarða

Orkubú Vestfjarða ohf. býr að áratuga reynslu við virkjun vatnsafls og jarðhita og dreifingu og sölu raforku. Félagið á og rekur orkuver og raforkustöðvar til raforkuframleiðslu, ásamt nauðsynlegum mannvirkjum til raforkuflutnings og raforkudreifingar, jarðvarmavirki og fjarvarmakyndistöðvar ásamt nauðsynlegu dreifikerfi. Aðalskrifstofa félagsins er á Ísafirði og starfsstöðvar á Hólmavík og Patreksfirði.

Orkubússtjóri Orkubús Vestfjarða

Orkubú Vestfjarða ohf. óskar eftir að ráða orkubússtjóra til að stýra öflugum og vaxandi rekstri orkubúsins.

Í boði er stjórnunarstarf hjá traustu félagi þar sem þrífst öflugt fjölskylduvænt samfélag bæði hvað menningu og tímstundir snertir.



Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Stjórnunarreynsla er skilyrði
- Góð rekstrarþekking
- Sóknarhugur, framsýni og frumkvæði
- Framúrskarandi samskiptahæfni
- Áhugi á mannauðsmálum
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð

Upplýsingar veita:

Pórir Þorvarðarson
thorir@hagvangur.is

Sverrir Briem
sverrir@hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 21. febrúar nk.

Umsókn um starfið þarf að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Konur, jafnt sem karlar eru hvött til að sækja um starfið.